

dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 200.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Sauðárkróks, nr. 55 10. febrúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. febrúar 1970.

Nr. 81.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. febr. 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur
og Jónasar Jóhannessonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar á Þverá í Reykjahverfi og er stofnaður til minningar um þau af nokkrum niðjum þeirra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er innstæða, er verið hefur á bókum nr. 21—25 í deild hinnar ævinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands, og er nú samtals að fjárhæð kr. 15 104.49. Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja einstæða sjúklinga í Sjúkrahúsi Húsavíkur með jólagjöfum eða á annan svipaðan hátt. Má verja til þessa hálfum árlegum vaxtatekjum sjóðsins, en hinn helming vaxtanna ásamt öðrum tekjum sjóðsins skal leggja við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, yfirlæknir sjúkrahússins á Húsavík og formaður sjúkrahússtjórnar.

5. gr.

Stjórnin skal leita tillagna yfirhjúkrunarkonu sjúkrahússins, áður en úthlutað er úr sjóðnum.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum sjúkrahússins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 3. febrúar 1970.

F. h. stofnenda

Jónas Snorrason.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Hvamms og Garðs.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hvamms og Garðs. Heimili þess og varnarþing er í Hrunamannahreppi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna:

Hvammur I, Hvammur II og Garður, Hrunamannahreppi.

Hver stofnandi greiðir kr. 10 000.00 sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur-félagsmaður fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkv 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á